

5. kafli: Fjölskyldan

Hugtök

Kjarnafjölskylda

Ættarfjölskylda

Nýbýli

Karlbýli

Kvenbýli

Feðraveldi

Mæðraveldi

Jafnræði

Ættrakning í karllegg

Ættrakning í kvenlegg

Tvíhliða ættrakning

Eingifti

Fjölgifti

Fjölkvæni

Fjölveri

Útvensl

Innvensl

Framleiðslueining

Neyslueining

Sifjaspell

5. kafli: Fjölskyldan

Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:

1. Hvers vegna varð fjölskyldan til?
2. Hvernig má skilgreina fjölskylduna?
3. Gerðu grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og fjölskylduháttum.
4. Gerðu grein fyrir þróun fjölskyldunnar samfara iðnvæðingu.
5. Hver voru hlutverk fjölskyldunnar í bændasamfélaginu og hvernig hafa þau breyst?
6. Gerðu grein fyrir hjónaskilnuðum og helstu ástæðum þeirra.
7. Gerðu grein fyrir hugtakinu sífjaspell skv. bókinni og ástæðunni fyrir reglum þar um.

5. kafli: Fjölskyldan

Verkefni:

1. Er fjölskyldan óþörf? Hver voru hlutverk fjölskyldunnar í bændasamfélaginu og hvernig hafa þau breyst? Hefur fjölskyldan einhverju hlutverki að gegna í nútímasamfélagi?
2. Kannaðu vel hvernig fjölskyldan hefur breyst undanfarin 150 ár með tilliti til stöðu kvenna, barna, samkynhneigðra og einhleypra. Athugaðu sérstaklega réttindi einstaklinga og völd yfir þeim. Hverjir ráða yfir hverjum og hvaða réttindi hefur fólk til að ráða sínu eigin lífi?
3. Hver er munurinn á vinnufólkinu sem var í bændasamfélaginu og því vinnufólki sem er á sumum heimilum í dag? Við hvað vinnur vinnufólkið núna og hvaðan kemur það? Hver eru réttindi þess?
4. Hvaða ímyndir af fjölskyldunni eru algengastar í fjölmiðlum? Hvert er fjölskyldumynstrið samkvæmt fjölmiðlum?
5. Búðu til eigið ættartré. eru einhverjir á því tré sem eru ekki blóðskyldir þér? eru þeir samt hluti af þinni fjölskyldu? Færðu rök fyrir svarinu.
6. Athugaðu tölfræði vegna hjónaskilnaða. Hverjar eru helstu orsakir skilnaða?
7. Leitaðu upplýsinga um heimilisofbeldi. Hvaða ástæður liggja að baki ofbeldinu? Hverjir eru gerendur og hverjir eru þolendur? Í hve miklum mæli leita fórnarlömbin sér hjálpar og hvert? Hvaða augum lítur samfélagið heimilisofbeldi og hvað segja lögin?